

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Búlandshrepps í Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Búlandshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir.

2. gr.

Til að annast framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur svo og umsjón með eignum vatnsveitunnar kýs hreppsnefnd Vatnsveitunefnd, sem skipuð skal þrem mönnum og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil Vatnsveitunefndar er hið sama og hreppsnefndar þeirrar er hana kýs.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir. Að húsvegg allra þeirra húsa í Djúpavogskauptúni, sem fullgerð eru eða hafin smíði á fyrir 1. nóv. 1967, leggur vatnsveitan vatnsæðar frá aðalæðum á sinn kostnað.

Eigendur þeirra húsa, sem hafin verður smíði á frá og með 1. nóv. 1967 greiði sjálfir allan kostnað við lagnir vatnsæða að húsum sínum frá aðalæðum.

4. gr.

Hver sá, sem vill fá vatnsæð frá Vatnsveitu Búlandshrepps skal senda um það skriflega umsókn til Vatnsveitunefndar.

Vatnsveitunefnd sér um tengingu hverrar nýrrar æðar.

5. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki Vatnsveitunefndar, og með þeim útbún- aði, sem hún telur tryggan.

6. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeym- um eða viðgerða á vatnsæðum. Slíka lokun skal tilkynna fyrirfram, ef tök eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

7. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum og hafa vatnsæðar þannig, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum tíma.

8. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarrétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir sam- kvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Vatnssala til skipa fer fram á bryggjum Hafnarsjóðs og fleiri bryggjum, ef þurfa þykir, og er bryggjueigendum skylt að leyfa afhendingu vatns til skipa á bryggjum sínum og lagningu vatnsæða og uppsetningu mælitækja í húsum og á bryggjum í þessu skyni samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum, auk þess sem honum er skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati vatnsveitunefndar.

11. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við.

12. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerða. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er Vatnsveitunefnd heimilt að gera það á hans kostnað.

13. gr.

Fyrir hvert það hús, sem tengt er við vatnsveituna, greiðist sérstakt stofngjald. Stofngjald af íbúðarhúsum, sem 1. mgr. 3. greinar á við er kr. 4000.00.

Stofngjald af verzlunar- og iðnaðarhúsum, sláturhúsum og húsum þar sem starfrækt er vinnsla landbúnaðar- og sjávarafurða er kr. 12 000.00 að því er tekur til 1. mgr. 3. greinar.

Stofngjald af húsum þeim, sem 2. mgr. 3. greinar á við, skal vera kr. 2000.00 af íbúðarhúsum og kr. 6000.00 af húsum, sem um ræðir í næstu málsgrein hér að ofan.

14. gr.

Af öllum húsum á Djúpavogi, sem vatn fá frá vatnsveitunni, greiðist árlega vatnsskattur. Vatnsskattur skal vera 2% af fasteignamatsverði húss og tilheyrandi lóðar, þó aldrei lægri en kr. 400.00. Af fjölbýlishúsum skal lágmarksvatnsskattur vera kr. 400.00 fyrir hverja íbúð.

15. gr.

Söltunarstöðvar, sildarverksmiðjur, hraðfrystihús og aðrar fiskvinnslustöðvar, sláturhús, mjólkurstöðvar og veitingahús greiði auk vatnsskatts, sem um ræðir í 14. gr., gjald fyrir vatnsnotkun sem hér segir:

- | | |
|--|----------|
| 1. Af hverri saltaðri eða ísaðri tunnu sildar | kr. 1.00 |
| 2. Af hverri smálest sildar til bræðslu | — 1.00 |
| 3. Fyrir hvern sláturgrip | — 1.00 |
| 4. Fyrir hverja smálest fisks til vinnslu | — 3.00 |
| 5. Fyrir hver 100 kg innveginna mjólkur | — 1.00 |
| 6. Veitingahús greiði árlega aukagjald, sem nemur vatnsskatti samanber 14. gr. | |

16. gr.

Komi til vatnsnotkunar umfram það, sem um getur í 14. og 15. gr., hefur Vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd heimild til að ákveða vatnsskattinn.

Heimilt er að selja vatn eftir mæli, sem vatnsveitan leggur til, en notendur greiða fyrir hæfilega leigu eftir ákvörðun Vatnsveitunefndar. Sé vatn selt eftir mæli, skal greiða kr. 1.20 fyrir hverja smálest.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á, að vatnsskattur sé greiddur af vatnsskattsskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans.

17. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðast kr. 15.00 fyrir hverja smálest. Lægsta gjald skal þó vera kr. 75.00 til fiskiskipa og 150.00 til annarra skipa. Heimilt er að fela hafnarnefnd að sjá um vatnssölu til skipa.

18. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki að viðlögðum sektum fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

19. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Oddviti sér um reikningshald og fjárreiður vatnsveitunnar f. h. hreppsnefndar. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir á sama hátt og hreppsreikningar.

20. gr.

Stofngjald samkvæmt 13. gr. skal greitt áður en ný æð er tengd við aðalæð. Gjald dagi vatnsskatts húsa er 30. júní ár hvert og greiðist í einu lagi fyrir líðandi ár. Gjöld samkvæmt 15. gr. greiðast í einu lagi fyrir 31. des. ár hvert.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má innheimta með lögtaki á kostnað notenda.

21. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að hækka öll gjöld samkvæmt 13. til 17. gr. allt að 50% fyrir eitt ár í senn.

22. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Búlandshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.